

Ed.

858. Nefndarátt

um frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (á þingskj. 709, nefndarátt neðri deildar á þingskj. 548).

Í þingbyrjun ályktuðu báðar deildir þingsins (þingskj. 29 og 30), að skipa nefndir, til að ihuga þingsköpin og gera tillögur í frumvarpsformi um ný þingsköp handa Alþingi. Var kosin 7 manna nefnd í neðri deild og 5 manna nefnd í efri deild. Gengu þessar nefndir í eina samvinnunefnd. Var 5. konungkj. þm. kosinn fundarstjóri samvinnunefndarinnar, en 2. þm. Reyk-

vikinga skrifari. Fundarstjóri tókst þá á hendur, að rannsaka þingsköp annara þjóða eftir bestu föngum og búa málið i hendur samvinnunefndinni. Var það svo rætt á mörgum samvinnufundum, og vinsað úr tillögum fundarstjóra um breytingar á þingsköpum vorum. Að því loknu var fundarstjóra og fundarskrifara falið, að semja uppkast að frumvarpi til laga um þingsköp Alþingis og taka upp í það öll þau nýmæli, sem unnið höfðu fylgi meiri hluta samvinnunefndarinnar. Nefndin hafði gengist fyrir því, að stjórnskipunarlæg landsins yrðu gefin út öll í einu lagi, til hliðsjónar. Og nú ljet hún prenta sem handrit uppkast að þingsköpum, og er því svo háttað, að alt er með smáu lettri, sem tekið er óbreytt úr núgildandi þingsköpum, en nýjungarnar með meginmálslettri. Bæði stjórnskipunarlögunum og þessu þingskapa-uppkasti hefir verið útbýtt meðal þingmanna.

Þar með lauk samvinnunefndin starfi sínu. Tók nú þingskapanefnd neðri deildar við málinu og bar upp í neðri deild frumvarp, sem var samhljóða uppkasti samvinnunefndarinnar, tylgdi því nefndarálit (á þingskj. 548).

Frumvarpið hefir að visu tekið nokkrum breytingum í neðri deild, en þær eru þó hvorki margar nje miklar.

Í nefndaráliti neðri deildar (meiri hlutans) er gerð grein fyrir öllum helstu breytingunum á núgildandi þingsköpum, þeim, sem komu fram í frumvarpinu eins og það var lagt fyrir deildina (samhljóða uppkastinu). Visum vjer því til þess nefndarálits (þingskj. 548).

En hjer þykir hlýða, að nefna þær breytingar, sem urðu á frumvarpinu í neðri deild, sbr. uppkastið (og frumvarp neðri deildar, á þingskj. 514).

Í 2. gr. er eiðstafurinn feldur burtu.

Í enda 8. gr. er orðabreyting — og hún til bóta. Í stað »þingfundarmanna« er komið: þingmanna eða deildarmanna.

9. gr. er breytt í þá átt, að sameinað þing skuli (eins og nú) kjósa mann í efri deild, ef einhver hjeraðskjörinn þm. þar deyr og annar er kosinn í hans stað. En í uppkastinu var svo til ætlað, að sá nýkosni þm. tæki sæti í þeirri deild, sem hinn hafði átt sæti í, er frá fór.

Í 11. gr. 2. málsg. er gerð breyting á launum skrifstofustjóra (2400 kr. í stað 2000 kr) og ráðningu ritara.

Í 16. gr. er komin viðbót aftan við 2. málsgrein, um tölu nefndarmanna í fjárveitinganefndum, að þeir skuli vera 7 í neðri deild og 5 í efri deild. Þar er og feld ein óþörf setning aftan af 11. málsg. 3: »sje það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað, (stendur í 1. málsg., sama setningin).

Í 18. gr. er smávegis breyting í upphafi 2. málsg. — til bóta. Óþarft að minnast hjer á framsögumann, því ákvæðin um kosningu framsögumanns standa í 16. gr., 9. og 10. málsg.

Í 19. gr. er innskot um það, að hverju frumvarpi skuli fylgja stutt greinargerð.

Í 32. gr. er síðustu málsgrein breytt — rýmkað það ákvæði, svo að breytingartillögur þingmanna við fjárlögin þurfa yfirleitt ekki nema einfaldan meiri hluta eins og nú — og þarf því að eins að $\frac{2}{3}$ atkvæða, ef fjárveitinganefnd mælir í *einu hljóði* móti tillögunni, enda fari hún fram á *fjárveitingu* (aukin útgjöld).

Í 44. gr., 2. málsg., er orðabreyting — til bóta. Aftan af síðustu málsg. þeirrar greinar eru feld orðin »eða nánustu vandamanna sinna«.

Úr 46. gr. eru feld ákvæðin um leynilega atkvæðagreiðslu.

Úr 53. gr. 1. málsg. eru feld orðin »og má hver þingmanna sem vill«.

Úr 2. málsg. eru feld orðin »eða leynilega atkvæðagreiðslu« (sbr. 46. gr.).

Þá eru taldar þær breytingar, sem neðri deild hefir gert á frumvarpi samvinnunefndarinnar.

Það er nú álit vort, að flestar þessar breytingar sjeu fremur til bóta. Sumir nefndarmanna eru að visu ekki ánægðir með allar breytingarnar. En vjer höfum athugað frumvarpið vandlega eins og það nú liggur fyrir og alls enga ósamkvæmni fundið í því. Teljum vjer líka mjög varasamt að láta þetta frumvarp hrekjast milli deilda núna undir þinglokin í mesta annrikinu.

Fyrir því leggjum vjer eindregið til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Þegar málið kemur til umræðu, mun framsögumaður reifa það, gera deildinni grein fyrir öllum helstu nýmælunum í frumvarpinu.

að lokum setjum vjer hjer þær *prentskekkjur*, sem vjer höfum fundið, í því skyni, að þær verði leiðrjettar þegar frumvarpið er prentað upp aftur:

Í 10. gr. vantar högg (,) á undan »bæði« og eftir »hefir«.

Í 17. grein vantar depil á eftir »atkvæði« í 3. línu að ofan; í endanum stendur »47. gr.«, á að vera: 48. gr.

Í 26. gr., 11. línu að ofan, stendur »verður«, á að vera: verða.

Í 27. gr., fyrirsögninni, stendur »fleira um«, á að vera fleira. Um.

Í 28. gr. stendur »Önnur hvor«, á að vera: Önnurhvor.

Í 29. gr., síðast í 3. málsgrein, stendur »lögð þar fyrir«, á að vera: lögð fyrir (þar bersýnilega ofaukið).

Í 34. gr. stendur »frá sæti sínu«, mun eiga að vera: úr sæti sínu.

Í 45. gr. eru málsgreinaskifti, sem ekki koma heim við efnið og eiga að hverfa (sú skekkja slæðst inn úr uppkastinu):

Í 48. gr., fyrirsögninni, vantar depil (.) á eftir »(de Hondt)«.

Í 51. gr á depillinn eftir »flutnings« að falla burtu.

Efri deild Alþingis, 8. september 1915.

Jón Þorkelsson,
formaður.

G. Björnson,
ritari og framsögumaður.

Björn Þorláksson.

Kristinn Danielsson.

Guðm. Ólafsson.